

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt um sorphreinsun í Mýrdalshreppi.

1. gr.

4. gr. samþykktar um sorphirðu í Mýrdalshreppi nr. 113 frá 9. mars 1989 orðist svo:

Í sorphlát má aðeins setja neysluúrgang, þ. e. allt venjulegt heimilissorp. Ekki má setja í sorppoka mold, möl, grjót, byggingarúrgang, gras og svipuð efni, heldur skal flytja þau á ákveðið svæði samkvæmt nánari fyrirmælum sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar. Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar og mega því ekki fara í sorphlátin. Þannig má ekki setja eldfima vökva, svo sem olíu og bensín í sorphlát, hvorki laust né í umbúðum. Öllu blautu sorpi svo og glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum sem hætta er á að skeri eða rífi pokana skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Pokar, með sorpi í, mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætta á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðveldlega megi loka þeim. Sorphirðumönnum er heimilt að skilja eftir poka sem fylltir eru um of, rifnir eða svo þungir að hætta sé á að þeir rifni.

2. gr.

9. gr. samþykktar um sorphirðu í Mýrdalshreppi nr. 113 frá 9. mars 1989 orðist svo:

Allur kostnaður við almenna sorphirðu greiðist af sveitarsjóði. Fyrir hverja íbúð skal greiða eitt sorphirðugjald á ári, en 1/2 gjald fyrir hvern sumarbústað. Fjöldi hreinsunargjalda fyrir opinberar þjónustubyggingar, svo sem verslanir og iðnfyrirtæki skal fara eftir mati á umfangi sorphirðu frá þessum stöðum. Mat þetta annast sveitarstjórn. Upphæð gjalds samkvæmt grein þessari skal ákveðin í sérstakri gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir.

3. gr.

Ofangreind samþykkt er samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 22. júní 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.